

## Mjaðurt

Written by Strandagaldur  
Wednesday, 09 November 2005 22:26

---

Mjaðurt var notuð til að vita hver hefði stolið frá manni. Hana átti að taka á Jónsmessunótt, láta hreint vatn í mundlaug og leggja jurtina á vatnið.

Fljóti hún er þjófurinn kvenmaður en drengur ef hún sekkur. Skugginn af jurtinni sýnir hver maðurinn er.

Þar við á að lesa þennan formála: *„Þjófur ég stefni þér heim aftur með þann stuld er þú stalst frá mér með svo sterkri stefnu sem guð stefndi djöflinum úr paradís í helvíti.“*